

Stjórnarfundur foreldrafélags Öldutúnsskóla 2017-2018

1. fundur, 3. október 2017

Mættir: Tinna Lyngberg Andrésardóttir, Ásdís Guðmundsdóttir, Ása Sigríður Þórisdóttir, Íris Helga Baldursdóttir, Snorri Sigurðsson, Ingibjörg Gunnarsdóttir og Snædís Ögn Flosadóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Stutt kynning á stjórn foreldrafélagsins og helstu verkefnum

Snædís fór yfir helstu verkefni stjórnar foreldrafélagsins og skipulag foreldrasamstarfs.

Ákveðið var að funda 2. þriðjudag hvers mánaðar að undanskildum desembermánuði. Stjórn fundar oftar ef þörf krefur.

2. Stjórn skiptir með sér verkum

Varaformaður tekur við af formanni sem situr eitt ár í senn. Snædís er því formaður þetta skólaárið og Íris Helga mun taka að sér varaformennsku og þá formennsku skólaárið 2018-2019.

- Snædís Ögn Flosadóttir: Formaður
- Íris Helga Baldursdóttir: Varaformaður og fundarritari
- Ingibjörg Gunnarsdóttir: Gjaldkeri
- Erla Ingólfssdóttir: Foreldrarölt
- Ásdís Guðmundsdóttir: Jólaföndur
- Ása Sigríður Þórisdóttir: Vorhátíð
- Erla Rún Ingólfssdóttir: Fræðslumál
- Snorri Sigurðsson: Skólaráð
- Tinna Lyngberg Andrésdóttir: Skólaráð
- Þórður Ingi Bjarnason: Foreldraráð Hafnarfjarðar
- Sandra: Meðstjórnandi

2. Bekkjartenglafundur

Bekkjartenglafundur var ræddur. Ákveðið var að hafa hann kl. 20:00 miðvikudaginn 11. október. Ákveðið var að biðja Geir forvarnarfulltrúa um að halda stutt erindi á fundinum. Að því loknu færi formaður yfir foreldrafélagið og foreldrasamstarfið og að lokum er svo endað á vinnufundi.

- Boðun fundar og kynning á fundi: Snædís Ögn
- Veitingar: Tinna
- Bóka Geir: Erla

3. Önnur mál

Jólaöndur var rætt og ákveðið að hafa það síðustu helgina í nóvember áður en jólaösin brestur á án þess þó að vera of snemma.

Fræðslumál voru rædd og var þar t.d nefnt að fá Björn Hjálmar með erindi um snjalltækjanotkun, Foreldrahús með erindi um hvað væri til ráða gegn kvíða. Þá kom jafnframt upp hugmynd um að hvetja börn til stuttmyndagerðar um heilsueflandi samfélag.

Fundi slitið kl. 21:20, næsti fundur 14. nóvember 2017 kl. 20:00